


SLIT FLOKKSFUNDA

Jafn mikilvæg og setningarathöfn er slitathöfn. Tilgangur slitathafnar er þrífættur:

1. Eins og allir síðir flokksins er hún þáttur í að mynda áður nefndan flokksjarma.
2. Mynda ákveðinn endapunkt á hvern fund, svo að allir fundir endi ekki bara sísvona einhvern veginn, og flokksfélagarnir tínist út einn og einn í einu.
3. Róa mannskapinn niður.



Mjög algengt er að syngja bræðralagssönginn þegar ýms-um fundum eða samkomum skáta er slitið. Sá síður er mjög góður, en því aðeins er hann góður, að skátarnir sem syngja sönginn skilji hvað hann boðar, en það er einmitt bræðralag

allra þjóða og kynþátta, og friður. Þetta skuluð þið íhuga. Það er dálítið erfitt að syngja bræðralagssönginn, svo að þið skuluð ekki láta bugast þótt illa gangi í nokkur fyrstu skiptin, æfingin skapar meistarana.

Hugmynd að fundarslitum:

Flokkurinn stendur í hring kringum kertastæðið og syngur bræðralagssönginn, stendur svo kyrr og þegir. Ljósameistarinn telur í hljóði upp að 10 eða 15, og slekkur þá á kertunum, mjög gjarnan með sérstökum kertaslökkvara, sem flokkurinn þyrfti að eignast.

